

Frístundaráð Akureyrar
c/o Ellert Örn Erlingsson
Rósenborg
Akureyri



Akureyri 09.05.2018

Efni: Bogavöllur 2018 - Nýtt útisvæði bogfimisdeildar Akurs.

Stjórn ÍBA fjallaði um meðfylgjandi beiðni um nýtt útisvæði bogfimisdeildar Akurs á fundi sínum 3. maí sl. Útisvæðið er staðsett norðan iðnaðarsvæði Gámaþjónustunnar og lítið sem þarf að gera þarna til þess að þessi ört vaxandi bogfimisdeild geti athafnað sig þarna í sumar. Skjólríkt og gott svæði sem vel væri hægt að standsetja með litlum kostnaði sem og þarna er lítil umferð sem hægt væri að tryggja með öruggum hætti en skotfærið er 70m sem þarna væri hægt að stunda æfingar á.

Stjórn ÍBA er samþykkt því að þessi staður gæti hentað bogfimisdeildinni vel og leggur til að Frístundaráð gefi bogaskyttum Akurs leyfi fyrir þessari aðstöðu til reynslu í sumar. Eins og áður hefur komið fram er lítið sem þyrfti að gera til þess að þarna sé hægt að stunda þessa íþrótt á þessu svæði eins og sjá má á mynd hér fyrir neðan.



Með bestu kveðju fyrir hönd stjórnar,

Helgi Rúnar Bragason
Framkvæmdastjóri ÍBA
helgi@iba.is